

Reykjavík 9. september 2020

Til: Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar
Réttindavaktar Félagsmálaráðuneytisins
Réttindagæslumanna fatlaðs fólks

Nýlega féll dómur í máli ungrar konu sem dvaldist í skammtímadvöl á vegum Reykjavíkurborgar. Í dómnum var tæplega fimmtugur karlmaður sakfelldur fyrir að brjóta kynferðislega gegn þroskahamlaðri konu í starfi sínu á skammtímavistun fyrir fatlað fólk hjá borginni. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar sendi í kjölfarið frá sér yfirlýsingu þar sem m.a. eftirfarandi kemur fram:

- *Allir verkferlar sem varða aðstoð við persónulegt hreinlæti hafa verið yfirfarnir og endurskoðaðir. Skýr kynjaskipting hefur verið tekin upp og notendur fá einungis aðstoð frá starfsmönnum af sama kyni.*
- *Tómstundastarf hefur verið skipulagt upp á nýtt, til að draga sem mest úr þeim aðstæðum þar sem starfsmenn eru einir með notendur.*
- *Ávallt eru nú tveir starfsmenn á næturvöktum, sem tryggir öryggi notenda og starfsmanna.*

<https://reykjavik.is/frettir/verkferlum-breytt-thegar-grunur-vaknadi-um-brot?fbclid=IwAR01U23p6ytLAB1-REACiwAtjCQhCIE1-kWlOC4rBooix9OGbTFh7ofTD2g>

Með vísan til þess sem að framan greinir og í ljósi þess hversu mikilsverð mannréttindi fatlaðs fólks hér er um að ræða og m.t.t. þess hversu ríkar skyldur stjórnvalda eru til að verja fatlað fólk fyrir ofbeldi af þessu og öðru tagi og grípa til viðeigandi ráðstafna í því skyni óska Landssamtökin Proskahjálp hér með eftir því að Gæða- og eftirlitsstofnun kanni hvort og þá hvaða verkferlar er í gildi í þjónustu við fatlað fólk, hvort heldur er í skammtímadvölum eða í almennri búsetuþjónustu, í íslenskum sveitarfélögum.

Þá óska samtökin eftir því að Gæða- og eftirlitsstofnun upplýsi hvort hún telji þörf á að gefa út leiðbeiningar og/eða gæðaviðmið fyrir sveitarfélög á þessu sviði og ef svo er hvaða fyrirætlanir GEF hefur í því sambandi.

Þar sem hér er um að ræða mjög mikið réttinda- og hagsmunamál fyrir fatlað fólk er brýnt að staða þessara mála verði upplýst og skýrð sem fyrst og brugðist verði við af hlutaðeigandi stjórnvöldum ríkis og sveitarfélaga með skjótum og viðeigandi hætti óska samtökin eftir að Gæða- og eftirlitsstofnun svari þessu erindi eins skjótt og verða má.

Virðingarfyllt,

Bryndís Snæbjörnsdóttir formaður Landssamtakanna Proskahjálpar